



Reglur fyrir sporapróf

Spor I, II, III og Elite

Í gildi frá 1. júlí, 2017

Efnisyfirlit

I. Hluti: Reglur um vinnupróf Vinnuhundadeildar	3
1. Almennt um vinnupróf:	3
2. Þátttakendur	3
3. Ábyrgð og skyldur þátttakenda	3
4. Hundar sem rétt hafa til þátttöku.....	4
5. Skráningar	5
6. Nafnakall í vinnuprófum.....	5
7. Dómar	5
II. Hluti: Um sporapróf.....	7
Flokkaskipting, einkunnir og verðlaun.....	7
Í sporaprófi.....	7
III. Hluti: Sporapróf.....	9
SPOR I	9
SPOR II	10
SPOR III	11
SPOR ELITE	13
IV. Hluti: Uppsetning sporaprófa.....	15

I. Hluti: Reglur um vinnupróf Vinnuhundadeildar

1. Almennt um vinnupróf:

Vinnuhundadeild Hundaræktarfélags Íslands heldur viðurkennd vinnupróf.

Ræktunardeildir og svæðafélög geta sótt um að halda vinnupróf í samvinnu við Vinnuhundadeild.

Sækja skal um að halda vinnupróf fyrir næsta starfsár til Vinnuhundadeildar fyrir 15. október ár hvert. Tilgreina skal dagsetningu prófs, dómara og prófstjóra.

Vinnuhundadeild skal skila áætlun til stjórnar HRFÍ um fjölda og áætlaðar dagsetningar vinnuprófa fyrir næsta starfsár fyrir 1. desember ár hvert.

Prófstjóri ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd prófsins, ásamt því að skila gögnum sem tilheyra hverju prófi sem hann er ábyrgur fyrir. Gögnum skal skila til skrifstofu HRFÍ eða til Vinnuhundadeildar innan 3ja virkra daga frá prófdegi.

2. Þátttakendur

Allir geta skráð hund til þátttöku í vinnuprófum, nema þeir sem hafa verið sviptir þátttökurétti af HRFÍ eða erlendu hundaræktarfélagi viðurkenndu af FCI. Hafi einstaklingur verið sviptur þátttökurétti, má hann heldur ekki leiða hund til dóms eða vinna við undirbúning eða framkvæmd prófa. Stjórnandi með umboð frá eiganda getur skráð hund í próf. Einkunnir sem hundar hafa fengið í prófum á Norðurlöndum eða í heimalandi eiganda/stjórnanda gilda á sama hátt til skráningar og í HRFÍ prófi.

Svæðið sem prófið fer fram á þarf að vera aðgengilegt hreyfihömluðum þátttakendum svo fremi sem hægt er.

Ef þátttakendur eru fleiri en einn dómari getur dæmt má skipta þátttakendum á milli fleiri dómara.

3. Ábyrgð og skyldur þátttakenda

Þátttakendum ber að hafa eftirlit með hundum sínum, einnig þeim hundum sem vistaðir eru á hans vegum í búrum, bifreiðum, vistarverum eða annars staðar í nálægð prófsvæðis.

Ábyrgð felur einnig í sér að fjarlægja úrgang hunds af prófsvæði og þ.m.t. á bílastæði. Einnig ber þátttakandi ábyrgð á hugsanlegum skaða sem hundur getur valdið í prófi.

Nákomnir ættingjar og sambýlisfólk dómara skulu ekki taka þátt í prófi sem dómari starfar í.

Dómur hefst í fyrsta lagi á auglýstum tíma. Þátttakendur bera sjálfir ábyrgð á að mæta tímalega við réttan prófstað. Prófi gæti þó seinkað eða verið flýtt vegna ófyrirsjáanlegra orsaka og fær þátttakandi þau skilaboð eins fljótt og auðið er.

Á meðan á dómi stendur er bannað að:

- reyna að eyðileggja fyrir hundum annarra þátttakenda,
- reyna að hafa áhrif á hund með aðstoð einhvers utanaðkomandi aðila.

Öll samskipti þátttakanda við dómara á meðan próf stendur, skulu vera í gegnum prófstjóra.

Velferð hunds skal hafa forgang í öllum prófum og virða skal lög um dýravelferð. Harðar refsingar og notkun á gaddakeðjum eru ekki leyfileg.

Hundi sem sýnir óæskilega hegðun, árásargirni eða er ógnandi gagnvart öðrum hundum eða fólki, má vísa af svæðinu af prófstjóra. Mál sem koma upp meðal þátttakenda eru prófstjórnendum óviðkomandi.

Klæðnaður þátttakanda eða annað sem á sýnilegan hátt auglýsir ræktunarnafn eru ekki leyfilegur í prófi. Ekki er leyfilegt að nota verðlaunabita, leikföng, klikker, flautur eða önnur hjálpartæki í vinnuprófum og getur slíkt leitt til brottvísunar. Þjálfun eða æfingar á merktu prófsvæði er ekki leyfileg, ítrekuð tilmæli leiða til brottvísunar af svæðinu.

Þátttakendum er skylt að sýna þróðmennsku í vinnuprófum. Það er ekki leyfilegt í neinum opinberum umræðum að ásaka eða opinskátt gagnrýna mat dómarans. Brot á fyrrnefndum reglum, ódregileg hegðun sem veldur öðrum óþægindum, getur leitt til þess að athæfið verði tilkynnt til HRFÍ og getur haft í för með sér ógildingu á einkunnum og/eða rétti til að taka þátt í prófum.

Ekki er leyfilegt að nota teppi eða annað undirlag fyrir hund meðan á dómi stendur í vinnuprófi. Leyfilegt er að nota hlífðarföt fyrir hund í prófi og skulu þau þá notuð í öllum þeim æfingum sem tilheyra sama prófi. Leyfilegt er að nota hlífðarföt í æfingunni „að liggja saman í hóp“ óháð því hvort hann sé notaður við aðrar æfingar.

Dómari má einungis taka þátt með hund í prófi sem hann, nánasta fjölskylda eða makar eiga, eiga hlut í eða hafa ræktað. Samkvæmt FCI reglum er dómara ekki leyfilegt að skrá hund í próf þar sem hann dæmir. Dómari má ekki dæma hund sem hann hefur átt, verið meðeigandi í, selt eða haft í vörslu síðustu 6 mánuði.

Aðrir starfsmenn mega skrá hund í próf og skulu hafa samráð við prófstjóra. Við stjórnun á hundi í vinnuprófi er bannað að bera sýnileg merki um að viðkomandi sé starfsmaður.

4. Hundar sem rétt hafa til þátttöku

Vinnupróf eru opin öllum hundum 9 mánaða og eldri með þeim skilyrðum og undantekningum sem eru tiltekin í þessum reglum. Veita má undanþágu fyrir hunda sem verða 9 mánaða í þeim mánuði sem prófin eru haldin.

Hundur skal vera bólusettur gegn þeim sjúkdómum sem við á hverju sinni og stjórnandi þarf að geta sýnt fram á að svo sé.

Aðeins þeir hundar sem eru skráðir til þátttöku eru leyfðir á prófsvæðinu. Ekki er heimilt að mæta með hund ef hann er veikur, veiklulegur eða árásargjarn. Tík á lóðarí, tík sem er gengin meira en 5 vikur á meðgöngu eða er með hvolpa yngri en 8 vikna er óheimil þátttaka í prófi.

Allir hundar sem skráðir eru í próf skulu vera örmerktir. Starfsfólki í prófi er heimilt að lesa örmerki hunda á prófstað.

5. Skráningar

Skrá og greiða þarf fyrir auglýstan skráningarfrest. Skráning er bindandi.

Móttaka skráningar, upplýsingar um móttöku skráningar og greiðslu fer fram á skrifstofu HRFÍ nema annað sé tekið fram í auglýsingu. Skráningargjald verður að greiða þó svo hundur mæti ekki í próf.

Ef í ljós kemur eftir að skráningarfrestur rennur út að áður auglýstur dómari muni ekki dæma verður þátttakandi að taka fram við prófstjóra áður en dómur hefst að hann vilji ekki mæta í próf hjá nýjum dómara. Komi nafn varadómara fram í auglýsingu prófsins fæst engin endurgreiðsla (ath. sömu reglur gilda hér og í sýningarreglum HRFÍ).

6. Nafnakall í vinnuprófum

Þátttakendur í vinnuprófi, eru kallaðir til þátttöku samtímis. Innbyrðis rásröðun er ákveðin fyrirfram. Ef þátttakandi er ekki til staðar þegar hópurinn hans er kallaður inn getur teymið átt á hættu að missa þátttökurétt sinn í viðkomandi prófi. Ef þátttakandi er skráður með tvo hunda í sama flokki skal honum gefin tími til að undirbúa sig fyrir aðra innkomu. Ef það koma upp aðrir árekstrar svo sem að hundur sé skráður í keppni (sýning, hundafimi eða annað) á sama tíma eða þátttakandi hefur skráð fleiri en tvo hunda í prófið, þá er það alfarið á ábyrgð þátttakanda að finna lausn á vandanum.

7. Dómar

Markmið með vinnuprófum hjá HRFÍ er prófun á hversu móttækilegir hundar eru til þjálfunar. Dómur hvernar æfingar byggist fyrst og fremst á aðalatriðum hvernar æfingar og hvernig hundur skilur verkefnið.

Til að hljóta viðurkenningu á æfingu er aðalatriðið að æfingin sé útfærð eins og stendur í reglugerðinni. Einungis þeir hundar sem sýna vinnugleði og eru skilvirkir og stefnufastir geta fengið hæstu einkunn. Að sama skapi eiga minniháttar villur og mistök stjórnanda ekki að lækka stigagjöf mikið.

Ef hundur virkar þvingaður eða sýnir litla löngun til að framkvæma æfingu skal það hafa mikil áhrif til lækkunar á stigagjöf. Ef hundur vælir eða geltir á meðan dómi stendur skal það koma fram í stigagjöf.

Ef æfing mistekst hjá þátttakanda og dómari telur að það sé vegna aðstæðna sem hvorki hundur né stjórnandi réðu við, getur dómari leyft endurtekningu á æfingunni.

Ekki er hægt að áfrýja mati dómara á árangri hunda í vinnu og ákvörðunum þar um sem reglur kveða á um að hann skuli meta. Ákvörðun dómara verður hvorki felld niður, breytt eða hún ógilt hafi prófsreglur HRFÍ verið virtar.

Þátttakandi sem telur að vinnuprófsreglur hafi verið brotnar við dóm á hundi hans, hefur fyrir lok prófsins rétt til að leggja fram skriflega kæru til prófstjóra, sem fjallar um kærana á staðnum og sker úr.

Úrskurði prófstjóra má áfrýja skriflega til stjórnar Vinnuhundadeildar innan sjö daga. Áfrýjunargjald nemur tvöföldu þáttökugjaldi í vinnuprófi. Stjórn Vinnuhundadeildar skal fjalla um kærana og svara ákæranda eigi síðar en 6 vikum frá dagsetningu kærunnar. Afrit af kæru og svari skal sent stjórn HRFÍ, til kynningar.

Uni málsaðilar ekki niðurstöðu stjórnar Vinnuhundadeildar má vísa málinu til stjórnar HRFÍ. Ef upp kemur mjög alvarlegur ágreiningur eða agavandamál getur stjórn Vinnuhundadeildar vísað málinu til stjórnar HRFÍ. Áfrýjunargjald ásamt prófgjaldi fæst endurgreitt ef kæra er talin réttmæt og dómur í prófinu er ógiltur.

II. Hluti: Um sporapróf

Flokkaskipting, einkunnir og verðlaun

Kept er í 4 flokkum:

Spor I er opinn hundum sem hafa ekki tekið þátt í Spor II.

Spor II er opinn hundum sem hafa náð einkunn í Spor I, en ekki tekið þátt í Spor III.

Spor III er opinn hundum sem hafa náð einkunn í Spor II, en ekki tekið þátt í Spor Elite.

Spor Elite er opinn hundum sem hafa náð einkunn í Spor III.

Einkunnagjöf í Spor I, II, III og Elite:

1. einkunn fá þeir hundar sem ná 90-100 stigum.
2. einkunn fá þeir hundar sem ná 80-89,5 stigum.
3. einkunn fá þeir hundar sem ná 70-79,5 stigum.

Hundar sem náð hafa einkunn í vinnuprófum er raðað í sæti á dómalista og á fylgiblöðum.

Allir hundar sem ná prófi fá þátttökuborða sem er svartur/rauður/gulur.

Hundar sem fá 1. einkunn fá rauðan borða.

Hundar sem fá 2. einkunn fá bláan borða.

Hundar sem fá 3. einkunn fá gulan borða.

Raða má hundum sem náð hafa einkunn í 1. 2. og 3. verðlaunasæti í hverjum flokki.

Einkunnir eru opinberar og geymdar á skrifstofu HRFÍ.

Í sporaprófi

Sporalína er fest í beisli eða ól og má liggja yfir bak hunds, meðfram hliðum eða á milli fram- og afturfóta hans.

Dómari/prófstjóri lætur þátttakanda vita hvar og hvenær hann má byrja og hefst tímataka eftir merki frá dómara/prófstjóra.

Dómari og prófstjóri ákveða hvar sporaslóðir skulu lagðar a.m.k. 12 klst. fyrir próf.

Dómari/prófstjóri ákveða hvernig sporaslóð er lögð með tilliti til umhverfis og landslags. Sporaslóðir sem lagðar eru fyrir þátttakendur skulu vera líkar og mega vera með mislöngum leggjum, beygjum og bilum milli hluta eftir aðstæðum.

Áður en sporaslóð er lögð á sporaleggjari að sýna dómara/prófstjóra hlutina sem notaðir verða í slóðina. Dómari gengur úr skugga um að hlutirnir hafi verið í snertingu við sporaleggjara í a.m.k. 30 mínútur. Hundur skal vera úr sjónmáli á meðan sporaslóð er lögð.

Sporaleggjari stoppar andartak við upphafspunkt sporaslóðar og gengur síðan í þá átt sem ákvörðuð hefur verið af dómara/prófstjóra. Ekki á að róta eða stappa við upphafspunkt.

Tvær sporaslóðir eiga að liggja með að minnsta kosti 50 metra millibili.

Hundur skal vinna sjálfstætt í 10-15 metra langri línu. Aldrei skal vera minna en 10 metrar á milli hunds og stjórnanda. Stjórnandi má þó tímabundið stytta fjarlægð ef undirlag eða skyggni er slæmt. Ef stjórnandi styttir fjarlægð án ástæðu hefur það áhrif á einkunn.

Hundur sem losaður er úr sporalínu og sporar laus fær 0 fyrir æfinguna. Minniháttar villur og mistök stjórnanda skulu ekki lækka stigagjöf mikið. Ef hundur virkar þvingaður eða sýnir litla löngun til að rekja slóð skal það hafa mikil áhrif til lækkunar á stigagjöf.

Þegar hundur er í sporavinnu skal gæta þess að hann verði ekki fyrir truflun frá dómara, prófstjóra eða aðstoðarfólki. Ef hundur verður fyrir sjáanlegri truflun vegna dýra og/eða fólks er mögulegt að hann fái nýtt spor. Ef búið er að ljúka æfingunni „finna spor“ áður en truflun kemur upp verður sá hluti ekki endurtekinn.

Það eru tímamörk* hvenær á að ljúka sporavinnu. Tímavörður á að vera nálægt enda sporsins en má ekki vera það nálægt að teymið truflist. Þetta þýðir að starfsmaður þarf að vera kominn að enda sporsins á góðum tíma áður en hámarkstími rennur út. Stjórnandi verður að vera búinn að fá endahlut í hendurnar áður en tímamörkum lýkur. Stjórnandi fær að vita fyrirfram hvar starfsmaður verður í lok æfingar (*gildir ekki í spor I).

Millihlutir eiga að vera úr furutré og u.þ.b. 10-12 cm á lengd og 2-2,5 cm á breidd. Endahlutir eiga að vera úr furutré og u.þ.b. 30-36 cm á lengd og 2-2,5 cm á breidd. Allir hlutirnir eiga að vera merktir með dagsetningu og aðgreindir á þann hátt að hægt er að greina á milli hvaða spori þeir tilheyra.

Í sporaslóð gilda eftirfarandi reglur um fyrsta millihlut:

Í Spor I á hlutur liggja í a.m.k. 50 metra fjarlægð frá upphafspunkti.

Í Spor II á hlutur liggja í a.m.k. 150 metra fjarlægð frá upphafspunkti.

Í Spor III og Elite á hlutur liggja í a.m.k. 100 metra fjarlægð frá upphafspunkti.

EKKI MÁ LEGGJA HLUT NÆR EN 50 METRUM FRÁ VINKLI Í SPORI I, II OG III. Í Spor Elite eru það 10 metrar.

Til að hlutir dragi að sér lykt sporaleggjarans verður viðkomandi að handfjatla hlutina án hanska á meðan hann leggur sporaslóðina. Þegar hlutir eru lagðir út má hvorki fela þá viljandi né leggja þá of sýnilega í slóðina.

Endahlut skal leggja við enda spors. Alla hlutina á að leggja í slóðina meðan verið er að leggja sporið þannig að sporaleggjari taki skref yfir þá. Eftir að búið er að leggja síðasta hlut á sporaleggjari að ganga beint áfram a.m.k. 10 metra.

Í Spori II byrjar A hluti prófsins á að hundur finnur sporaslóð.

Í Spori II byrjar B hluti prófsins þegar hundur hefur fundið sporaslóð og heldur áfram að rekja sporið.

Í Spori III og Elite byrjar A hluti prófsins á að hundur á að finna sporaslóð á ákveðnum afmörkuðum stað sem kallast rammi í reglunum.

Í Spori III og Elite byrjar B hluti prófsins þegar hundur rekur slóð sem liggur frá rammanum.

III. Hluti: Sporapróf

SPOR I

Margföldun: 10

Hámarksstigagjöf: 100

Spora á u.þ.b. 300 metra langa sporaslóð, sem er 35-45 mínútna gömul og lögð af sporaleggjara.

Sporaslóðin á að innihalda tvo 90° vinkla, tvo millihluti og endahlut.

Vinkill má ekki koma fyrr en eftir u.þ.b. 100 metra frá upphafspunkti sporaslóðar.

Engin tímamörk eru til að ljúka prófi.

Stjórnanda er vísað á upphafspunkt sporaslóðar.

Dómari skal fá upplýsingar frá stjórnanda um hvernig hundur markerar áður en æfing hefst.

Dómgæsla: Æfing hefst þegar dómari/prófstjóri gefur merki um að hefja æfingu og lýkur við enda sporaslóðar þegar hundur finnur endahlut.

Stjórnandi velur sjálfur upphafsstöðu hunds.

Hundur skal vinna sjálfstætt og sækja eða markera hluti sem hafa verið lagðir í slóðina.

Til þess að fá 5 stig þarf hundur að finna a.m.k. tvo hluti og þarf annar þeirra að vera endahlutur.

Ef einn hlutur finnst ekki má ekki gefa meira en 8 stig.

Ef hundur finnur ekki endahlut fær hann 0 stig.

Ef hundur er kominn meira en tvær línulengdir frá sporinu er prófið stöðvað af dómara.

SPOR II

Hámarksstigagjöf 100 stig

Sporaleggjari leggur u.þ.b. 1000 metra langa sporaslóð sem skiptist þannig: 60 metrar í “finna spor” æfingu og 940 metrar í “spor” æfingu. Slóðin á að vera 60-80 mínútna gömul og skal innihalda fimm til sex 90° vinkla, fimm millihluti og endahlut. Tími til að ljúka prófi eru 35 mínútur. Tímataka hefst við upphafspunkt eftir merki frá dómara/prófstjóra.

Hluti A: Finna spor

Margföldun: 2 Hámarksstigagjöf: 20

Hundi er hleypt að sporaslóð í u.þ.b. 15 metra fjarlægð. Stjórnandi fær að vita hvar sporaslóðin byrjar og í hvaða átt hún liggur.

Dómgæsla: Æfingin hefst þegar hundi er hleypt að sporaslóð og lýkur þegar prófstjóri lætur dómara vita að hundur hefur unnið u.þ.b. 60 metra af sporaslóð.

Stjórnandi velur sjálfur hvernig hann vill hleypa hundi að sporaslóð. Hundur skal vinna sjálfstætt. Ef stjórnandi leiðbeinir hundi hvar hann eigi að rekja sporaslóð fær hundur 0 stig. Ef hundur týnir sporaslóð er stjórnanda heimilt að fara tilbaka að síðasta punkti sem hann telur hundinn hafa verið að rekja slóð. Ef stjórnandi nýtir sér þetta leyfi skal ekki gefa meira en 8 stig fyrir æfinguna. Þessi æfing og næsta (Hluti B: Sporaslóðin) eru í beinu framhaldi af hvor annarri. Ef teymið fellur í þessari æfingu er því samt heimilt að halda áfram í næstu æfingu (Hluti B). Þá verða ekki gefnar frekari upplýsingar um hvar sporaslóðin liggur. Dómari á að geta fylgst með teyminu fyrstu 60 metra. Enginn hlutur á að liggja í sporaslóðinni á þeim hluta.

Hluti B: Sporaslóðin

Margföldun: 8 Hámarksstigagjöf: 80

Dómgæsla: Æfingin hefst í beinu framhaldi af æfingunni „finna spor“ (Hluti A) og lýkur þegar hundur hefur fundið endahlut eða þegar leyfilegur hámarkstími prófs rennur út. Dómgæsla byggir aðallega á hversu marga hluti hundur finnur í sporaslóðinni, í hvaða standi þeir eru og að hundur nái að ljúka vinnu innan hámarkstíma. Til þess að fá sem flest stig þarf hundur að finna alla hluti. Ef einn hlut vantar skal ekki gefa meira en 9 stig ($x8 = 72$). Ef tvo hluti vantar skal ekki gefa meira en 8 stig ($x8 = 64$) o.s.frv. Ef endahlut vantar fær hundur 0 stig. Ef sést á hlut (far eftir tennur) hefur það áhrif til lækkunar á stigagjöf. Því meira sem sést á hlutum, því fleiri stig. Þó skal ekki draga stigagjöf meira niður en því sem nemur ef hundur hefði ekki fundið hlutinn. Tryggja skal að hundur villist ekki inn á sporaslóð sem er lögð fyrir annan hund. Ef það gerist á að kalla teymi strax tilbaka og skal gefa 0 stig fyrir æfinguna.

SPOR III

Hámarksstigagjöf: 100

Sporaleggjari leggur u.þ.b. 1200 metra langa sporaslóð (með „Finna spor“ æfingunni). Slóðin á að vera 80-100 mínútna gömul og skal innihalda sjö vinkla, þar af einn 30° vinkil, sjö millihluti og endahlut. Hámarkstími til að ljúka prófi eru 45 mínútur. Tímataka hefst við upphafspunkt eftir merki frá dómara/prófstjóra.

Hluti A: Finna spor

Margföldun: 2

Hámarksstigagjöf: 20

Sporaslóð skal liggja innan ramma sem er 30 metrar x 30 metrar. Sporaslóðin innan rammans skal vera a.m.k. 30 metrar.

Dómari/prófstjóri sýnir þátttakanda hvar miðjan er á þeirri hlið rammans sem æfingin hefst. Hundur leitar að sporaslóð frá þeirri hlið. Hundur skal sjálfur finna sporaslóð á innan við fimm mínútum, ef það tekst ekki er teyminu sýndur sá staður þar sem sporaslóðin liggur út úr rammanum.

Dómgæsla: Æfing hefst þegar stjórnandi sendir hund að leita að sporaslóð eftir merki frá dómara/prófstjóra og lýkur þegar teymi fer úr rammanum á réttum stað í rétta átt (eða þegar tíminn rennur út). Ef teymi er ekki búíð að vinna sig út úr rammanum á réttum stað innan tímamarka eru gefin 0 stig fyrir æfinguna.

Ef hundur tekur ekki sporaslóðina í fyrsta skipti sem hann fer yfir slóðina skal ekki gefa fleiri en 7 stig ($x2 = 14$). Ef hundur byrjar að bakspora en leiðréttir sig án aðstoðar hefur það ekki áhrif til lækkunar á stigagjöf. Hundur fær ekki leyfi til að halda áfram í næstu æfingu sem er „spor“ (Hluti B) ef hann hefur ekki sýnt fram á neina vinnu.

Stjórnandi á að geta áttað sig á afmörkun rammans á ummerkjum eins og steinum eða runna sem liggja u.þ.b. 20 metrum frá rammanum. Ef þörf er á viðbótar merkingu skal hún vera þannig að stjórnandi sjái hana ekki. Sporaslóðin á að vera a.m.k. 30 metrar að lengd áður en hún nær inn í rammann og á ekki að þvera þá hlið sem teymi byrjar á.

Stjórnandi má ekki fara út fyrir rammann á meðan á æfingu stendur nema til þess að fylgja hundi eftir sem er kominn á rétta sporaslóð. Ef hundur baksporar verður stjórnanda tilkynnt það. Dómari/prófstjóri lætur vita þegar ein mínúta er eftir af tímamörkum æfingarinnar.

Hluti B: Sporaslóð (frh. SPOR III)

Margföldun: 8 Hámarksstigagjöf: 80

Hámarkstími til að ljúka æfingu eru 40 mínútur.

Tímataka hefst þegar teymi rekur sporaslóð út úr rammanum.

Dómgæsla: Æfingin hefst í beinu framhaldi af æfingunni „finna spor“ (Hluti A) og lýkur þegar hundur hefur fundið endahlut eða þegar leyfilegur hámarkstími prófs rennur út. Dómgæsla byggir aðallega á hversu marga hluti hundur finnur í sporaslóðinni, í hvaða standi þeir eru og að hundur náði að ljúka vinnu innan hámarkstíma.

Til þess að fá sem flest stig þarf hundur að finna alla hluti. Ef einn hlut vantar skal ekki gefa meira en 9 stig ($x8 = 72$). Ef tvo hluti vantar skal ekki gefa meira en 8 stig ($x8 = 64$) o.s.frv. Ef endahlut vantar fær hundur 0 stig. Ef sést á hlut (far eftir tennur) hefur það áhrif til lækkunar á stigagjöf. Því meira sem sést á hlutnum, því fleiri stig. Þó skal ekki draga stigagjöf meira niður en því sem nemur ef hundur hefði ekki fundið hlutinn.

Tryggja skal að hundur villist ekki inn á sporaslóð sem er lögð fyrir annan hund. Ef það gerist á að kalla teymi strax tilbaka og skal gefa 0 stig fyrir æfinguna.

SPOR ELITE

Hámarksstigagjöf 100 stig.

Sporaleggjari leggur u.þ.b. 1500 metra langa sporaslóð (með „Finna spor“ æfingunni). Slóðin á að vera 100-120 mínútna gömul og skal innihalda sjö til átta vinkla, þar af tvo 30°, níu millihluti og endahlut. Sporaslóðin skal innihalda krossspor sem lagt er af öðrum sporleggjara en lagði hinn hluta sporsins.

Hámarkstími til að ljúka prófi eru 55 mínútur. Tímataka hefst við upphafspunkt eftir merki frá dómara/prófstjóra.

Hluti A: Finna spor

Margföldun: 2 Hámarksstigagjöf: 20

Sporaslóðin á að liggja innan ramma sem er 30 metra x 40 metra. Sporaslóðin innan rammans skal vera a.m.k. 30 metrar.

Dómari/prófstjóri sýnir þátttakanda hvar miðjan er á þeirri hlið rammans sem æfingin hefst. Hundur leitar að sporaslóð frá þeirri hlið. Hundur skal sjálfur finna sporaslóð á innan við fimm mínútum, ef það tekst ekki er teyminu sýndur sá staður þar sem sporaslóðin liggur út úr rammanum.

Dómgæsla: Æfing hefst þegar stjórnandi sendir hund að leita að sporaslóð eftir merki frá dómara/prófstjóra og lýkur þegar teymi fer úr rammanum á réttum stað í rétta átt (eða þegar tíminn rennur út). Ef teymi er ekki búíð að vinna sig út úr rammanum á réttum stað innan tímamarka eru gefin 0 stig fyrir æfinguna.

Ef hundur tekur ekki sporaslóðina í fyrsta skipti sem hann fer yfir slóðina skal ekki gefa fleiri en 7 stig ($x2 = 14$). Ef hundur byrjar að bakspora en leiðréttir sig án aðstoðar hefur það ekki áhrif til lækkunar á stigagjöf. Hundur fær ekki leyfi til að halda áfram í næstu æfingu sem er „spor“ (Hluti B) ef hann hefur ekki sýnt fram á neina vinnu. Stjórnandi á að geta áttað sig á afmörkun rammans á ummerkjum eins og steinum eða runna sem liggja u.þ.b. 20 metrum frá rammanum. Ef þörf er á viðbótar merkingu skal hún vera þannig að stjórnandi sjái hana ekki. Sporaslóðin á að vera a.m.k. 30 metrar að lengd áður en hún nær inn í rammann og á ekki að þvera þá hlið sem teymi byrjar á. Stjórnandi má ekki fara út fyrir rammann á meðan á æfingu stendur nema til þess að fylgja hundi eftir sem er kominn á rétta sporaslóð. Ef hundur baksporar verður stjórnanda tilkynnt það. Dómari/prófstjóri lætur vita þegar ein mínúta er eftir af tímamörkum æfingarinnar.

Hluti B: Sporaslóðin (frh. SPOR ELITE)

Margföldun: 8

Hámarksstigagjöf: 80

Hámarkstími til að ljúka æfingunni eru 50 mínútur. Tímataka hefst þegar teymi rekur sporaslóð út úr rammanum.

Dómgæsla: Æfingin hefst í beinu framhaldi af æfingunni „finna spor“ (Hluti A) og endar þegar hundur hefur fundið endahlut eða þegar leyfilegur hámarkstími prófs rennur út. Dómgæsla byggir aðallega á hversu marga hluti hundur finnur í sporaslóðinni, í hvaða standi þeir eru og að hundur náði að ljúka vinnu innan hámarkstíma.

Til þess að fá sem flest stig þarf hundur að finna alla hluti. Ef einn hlut vantar skal ekki gefa meira en 9 stig ($x8 = 72$). Ef tvo hluti vantar skal ekki gefa meira en 8 stig ($x8 = 64$) o.s.frv. Ef endahlut vantar fær hundur 0 stig. Ef sést á hlut (far eftir tennur) hefur það áhrif til lækkunar á stigagjöf. Því meira sem sést á hlutnum, því fleiri stig. Þó skal ekki draga stigagjöf meira niður en því sem nemur ef hundur hefði ekki fundið hlutinn.

Tryggja skal að hundur villist ekki inn á sporaslóð sem er lögð fyrir annan hund. Ef það gerist á að kalla teymi strax tilbaka og skal gefa 0 stig fyrir æfinguna.

IV. Hluti: Uppsetning sporaprófa

	Spor I	Spor II	Spor III	Spor Elite
Lengd	300 metrar	1000 metrar	1200 metrar	1500 metrar
Hlutir	2 + endahlutur	5 + endahlutur	7 + endahlutur	9 + endahlutur
Vinklar	2 * 90° (eftir 1/3 og 2/3 af spori)	5-6	7 þar af 1 * 30°	7-8, þarf af 2 * 30°
Tími	Engin tímatakörk	35 mín með "Finna spor" æfingu	"Finna spor" 5 mín. "Sporaslóðin" 40 mín. Heildartími 45 mín.	"Finna spor" 5 mín. "Sporaslóðin" 50 mín. Heildartími 55 mín.
Aldur	35-45 mín.	60-80 mín.	80-100 mín.	100-120 mín.
Rammi			30 * 30 metrar	30 * 40 metrar
Krossspor				Já, lagt af öðrum sporaleggjara

Áhaldalisti fyrir sporapróf

Sporaprófsreglur

Þáttökulisti

Dómalisti (2 stk.)

Skeiðklukka

Reiknivél

1 endahlut og 2 millihluti fyrir hvert Spor I próf

1 endahlut og 5 millihluti fyrir hvert Spor II próf

1 endahlut og 7 millihluti fyrir hvert Spor III próf

1 endahlut og 9 millihluti fyrir hvert Spor Elite próf

Viðurkenningarskjöl

Þáttökuborðar

Einkunnarborðar

Sporareglur HRFÍ. 1. júlí. 2017